

## Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar

2014/EES/4/49

frá 5. september 2013

**um framkvæmdarráðstafanir á landsvísu varðandi úthlutun heimilda til losunar  
gróðurhúsalofttegunda án endurgjalds á umbreytingatímabili í samræmi við 3. mgr.  
11. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB**

(tilkynnt með númeri C(2013) 5666)

(2013/448/ESB) (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB<sup>(1)</sup>, einkum 10. gr. a og 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Frá og með árinu 2013 er höfuðreglan sú að úthlutun losunarheimilda til rekstraraðila stöðva, sem falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir (EU ETS), fer fram með uppboði. Hins vegar munu til þess hæfir rekstraraðilar áfram fá losunarheimildir án endurgjalds frá 2013 til 2020. Sá fjöldi losunarheimilda sem hver slíkur rekstraraðili fær er ákvarðaður á grundvelli samræmdra reglna innan Sambandsins sem eru settar fram í tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB<sup>(2)</sup>.
- 2) Þess var krafist að aðildarríkin legðu framkvæmdarráðstafanir sínar á landsvísu (NIMs) fyrir framkvæmdastjórnina fyrir 30. september 2011 en þær samanstanda, meðal annarra skyldubundinna upplýsinga, af skrá yfir stöðvar, sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, á yfirráðasvæðum þeirra og bráðabirgðafjölda þeirra losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020, reiknuðum á grundvelli samræmdra reglna innan Sambandsins.
- 3) Í 18. gr. laganna um aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun að sáttmálanum um Evrópusambandið,

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 240, 7.9.2013, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 238/2013 frá 13. desember 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, bíður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

<sup>(2)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarorkubandalags Evrópu<sup>(3)</sup> er kveðið á um umbreytingarráðstafanir sem gilda að því er varðar Króatíu og eru settar fram í V. viðauka við þessa gerð. Samkvæmt 10. lið þess V. viðauka er Króatía skuldbundin til að tryggja að rekstraraðilar fari að tilskipun 2003/87/EB allt árið 2013. Eins fá rekstraraðilar til þess hæfra stöðva úthlutun án endurgjalds fyrir allt árið 2013 til að gera þeim kleift að fylgja viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir í einu og öllu og meginreglu þess um árlega vöktun, skýrslugjöf og sannprófun losunar og innskil losunarheimilda. Til samræmis við það lagði Króatía framkvæmdarráðstafanir sínar á landsvísu fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB og 1. mgr. 15. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB.

- 4) Til að tryggja gæði og sambærileika gagna lagði framkvæmdastjórnin fram rafrænt sniðmát fyrir framlagningu framkvæmdarráðstafana á landsvísu. Öll aðildarríkin lögðu fram, á þessu eða svipuðu sniðmáti, skrá yfir stöðvar, töflu með öllum viðeigandi upplýsingum um hverja stöð og skýrslu um aðferðir þar sem lýst er gagna-söfnunarferlunum sem yfirvöld aðildarríkjanna notuðu.
- 5) Í ljósi þess hversu framlagðar upplýsingar og gögn voru viðtæk greindi framkvæmdastjórnin fyrst helleika allra framkvæmdarráðstafananna á landsvísu. Þegar framkvæmdastjórnin veitti því athygli að það vantaði upp á framlagðar upplýsingar krafðist hún viðbótarupplýsinga frá hlutaðeigandi aðildarríkjum. Viðeigandi yfirvöld svöruðu þessum kröfum með því að leggja fram viðeigandi viðbótarupplýsingar til að fullgera framlögðu framkvæmdarráðstafanirnar á landsvísu.
- 6) Framkvæmdarráðstafanirnar á landsvísu, þ.m.t. árlegur bráðabirgðaheildarfjöldi losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020, hafa verið metnar út frá viðmiðunum í tilskipun 2003/87/EB, einkum 10. gr. a, og ákvörðun 2011/278/ESB, að teknu tilliti til leiðbeiningarskjala framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjanna sem nefndin um loftslagsbreytingar áritaði 14. apríl 2011. Þar sem við á hefur verið tekið tillit til leiðbeininganna um túlkun í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 112, 24.4.2012, bls. 21.

- 7) Framkvæmdastjórnin gerði ítarlegt mat á samræmi framkvæmdarráðstafana á landsvísu hjá hverju aðildarríki fyrir sig. Hluti af því ítarlega mati var greining framkvæmdastjórnarinnar á samkvæmni gagnanna sjálfra og samkvæmni milli gagnanna og samræmdu reglnanna um úthlutun. Fyrst athugaði framkvæmdastjórnin hæfi stöðva að því er varðar úthlutun án endurgjalds, skiptingu stöðva í undirstöðvar og svæðamörk þeirra. Síðan greindi framkvæmdastjórnin beitingu rétttra viðmiðunargilda fyrir viðeigandi undirstöðvar. Með það í huga að í ákvörðun 2011/278/ESB er mælt fyrir um sem meginreglu eina viðmiðun fyrir hverja vöru, að því er varðar vöruviðmiðanir fyrir undirstöðvar, beindi framkvæmdastjórnin sérstaklega athygli að beitingu viðmiðunargildisins fyrir fullunnu vöruna sem var framleidd í samræmi við vöruskilgreininguna og kerfismörkin sem sett eru fram í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB: Með það í huga að áhrifin á úthlutanir eru umtalsverð greindi framkvæmdastjórnin enn fremur í smáatriðum útreikning á sögulegum starfsemissitigum stöðva, tilvik umtalsverðra breytinga á afkastagetu á grunntímabilinu sem og tilvik þegar stöðvar hófu starfsemi á grunntímabilinu, útreikninginn á bráðabirgðafjölda losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds, að teknu tilliti til skiptanleika á eldsneyti og raforku, stöðu kolefnisleka sem og varmaútlutnings til einkaheimila. Frekari tölfræðigreiningar og sennileikaathuganir með vísun á borð við t.d. fyrirhugaða úthlutun miðað við sögulegt starfsemissitig samanborið við viðmiðunargildi eða sögulegt starfsemissitig samanborið við framleiðslugetu gerðu það auðveldara að greina hugsanleg viðbótarfrávik í beitingu samræmdu úthlutarreglnanna.
- 8) Á grundvelli niðurstaðnanna úr þessu mati vann framkvæmdastjórnin ítarlegt mat á stöðvum þar sem greint höfðu hugsanleg frávik í beitingu samræmdu úthlutarreglnanna og leitaði frekar skýringa frá lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi aðildarríkja.
- 9) Í ljósi niðurstaðnanna úr þessu samræmismati telur framkvæmdastjórnin að framkvæmdarráðstafanir Belgíu, Búlgaríu, Danmerkur, Eistlands, Írlands, Grikklands, Spánar, Frakklands, Króatíu, Ítalíu, Kýpur, Lettlands, Lítháens, Lúxemborgar, Ungverjalands, Möltu, Hollands, Austurríkis, Póllands, Portúgal, Rúmeníu, Slóveníu, Slóvakíu, Finnlands, Svíþjóðar og Bretlands á landsvísu samrýmist tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun 2011/278/ESB. Stöðvarnar, sem falla undir framkvæmdarráðstafanir þessara aðildarríkja á landsvísu, teljast hæfar til að fá úthlutun án endurgjalds og ekki fannst neitt ósamræmi að því er varðar þann árlega bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda, sem skal úthluta án endurgjalds, sem hvert aðildarríki lagði til.
- 10) Framkvæmdastjórnin telur þó, í ljósi niðurstaðna úr þessu samræmismati, að tilteknir þættir í framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu, sem Tékkland og Þýskaland lögðu fram, samrýmist ekki viðmiðuninum í tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun 2011/278/ESB, að teknu tilliti til leiðbeiningarskjala framkvæmdastjórnarinnar til aðildarríkjana sem nefndin um loftslagsbreytingar áritaði 14. apríl 2011.
- 11) Framkvæmdastjórnin bendir á að Þýskaland hefur lagt til að sjö stöðvar fái aukinn fjölda losunarheimilda án endurgjalds vegna þess að landið telur að það muni fyrirbyggja óþarfa erfiðleika. Í samræmi við 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og ákvörðun 2011/278/ESB er bráðabirgðaheildarfjöldi losunarheimilda án endurgjalds, sem leggja skal fram sem hluta af framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu, reiknaður á grundvelli samræmdra reglna innan Sambandsins. Í ákvörðun 2011/278/ESB er ekki kveðið á um þá leiðréttingu sem Þýskaland vill gera á grundvelli 5. mgr. 9. gr. í lögum Þýskalands um viðskipti með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (e. *German Greenhouse Gas Emissions Trading Act*) – TEHG, frá 28. júlí 2011. Fram til ársins 2012 var úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skipulögð á landsvísu en fyrir tímabilið frá og með árinu 2013 og af ásetningi fastsetti löggjafinn algerlega samræmdar reglur um úthlutun án endurgjalds til stöðva þannig að allar stöðvar eru meðhöndlaðar á sama hátt. Allar einhliða breytingar á bráðabirgðafjölda losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds, sem aðildarríkin hafa reiknað út á grundvelli ákvörðunar 2011/278/ESB, myndu grafa undan þessari samræmdu nálgun. Þýskaland hefur ekki rökstutt að úthlutun til stöðvanna sem um ræðir, sem er reiknuð á grundvelli ákvörðunar 2011/278/ESB, hafi verið bersýnilega óviðeigandi með hliðsjón af markmiðinu um algera samræmingu sem átti að ná í úthlutunum. Ef úthlutunum án endurgjalds til sumra stöðva er fjölgað myndi það raska eða ógna samkeppni og hafa áhrif yfir landamæri þar eð viðskipti í öllum geirum, sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, fara fram alls staðar í Sambandinu. Í ljósi meginreglunnar um jafna meðferð á stöðvum samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og á aðildarríkjunum telur framkvæmdastjórnin að af þeim sökum sé rétt að andmæla þeim bráðabirgðafjölda losunarheimilda án endurgjalds sem ætlunin er að úthluta til tiltekinna stöðva sem eru tilgreindar í framkvæmdarráðstöfunum Þýskalands á landsvísu og skráðar í A-lið I. viðauka.
- 12) Það er einnig álit framkvæmdastjórnarinnar að þær framkvæmdarráðstafanir á landsvísu sem Þýskaland hefur lagt fram brjótí einnig í bága við ákvörðun 2011/278/ESB þar eð beiting vöruviðmiðunarinnar fyrir heita málma í þeim tilvikum sem eru skráð í B-lið I. viðauka við þessa ákvörðun samræmist ekki þeim reglum sem við eiga. Að því er þetta varðar lætur framkvæmdastjórnin þess getið að í þýsku framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu, ef

um er að ræða stálframleiðsluferli í súrefnisofnum (BOF) og þar sem heitur málmur úr háofnum er ekki hreinsaður í stál innan sömu stöðvar heldur fluttur út til frekari vinnslu, sé rekstraraðila stöðvarinnar þar sem háofninn fyrir framleiðslu á heitum málm er staðsettur ekki úthlutað losunarheimildum án endurgjalds. Þess í stað fær stöðin þar sem stálhreinunin fer fram úthlutun án endurgjalds.

- 13) Framkvæmdastjórnin bendir á að í því skyni að úthluta losunarheimildum var mælt fyrir um vöruviðmiðanir í ákvörðun 2011/278/ESB, að teknu tilliti til vöruskilgreininganna og þess hversu framleiðsluferlarnir sem gera það kleift að sannprófa framleiðslugögnin eru flóknir, og um samræmda beitingu vöruviðmiðana í öllu Sambandinu. Vegna beitingar vöruviðmiðananna er stöðvum skipt niður í undirstöðvar og undirstöð með vöruviðmiðun er skilgreind sem ílag, frálág og samsvarandi losun í tengslum við framleiðslu á vöru sem sett hefur verið viðmiðun fyrir í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB. Þannig eru viðmiðanir settar fyrir vörur en ekki fyrir vinnsluferli. Til samræmis við það hefur verið þróuð viðmiðun fyrir heitan málm og varan skilgreind sem fljótandi járn sem er mettað með kolefni til frekari vinnslu. Sú staðreynd að kerfismörkin fyrir viðmiðunina fyrir heitan málm, sem sett eru fram í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, ná yfir súrefnisofna gerir það að verkum að ekki er hægt að leyfa aðildarríkjum að virða það að vettugi að úthlutanir skulu eiga sér stað vegna framleiðslu á tiltekinni vöru. Þetta athugunarefni er stutt af þeirri staðreynd að viðmiðunargildin skulu ná til allrar beinnar losunar sem tengist framleiðslu. Þó er það einkum framleiðsla á heitum málm í háofni sem veldur losun á meðan ferlið við hreinsun á heitum málm í stál í súrefnisofns-umbreyti veldur tiltölulega lítilli losun. Til samræmis við það yrði viðmiðunargildið miklu lægra ef það næði einnig til stöðva sem flytja inn heitan málm og hreinsa hann í stál í súrefnisofns-umbreyti. Í ljósi heildaráætlunarinnar um úthlutun, sem komið var á með ákvörðun 2011/278/ESB, einkum með tilliti til reglnanna um umtalsverðar breytingar á afkastagetu, er enn fremur ekki hægt að líta svo á að samræmi sé í úthlutuninni sem Þýskaland lagði til. Niðurstaða framkvæmdastjórnarinnar er því sú að vegna þess að samsvarandi undirstöð, sem myndi gera það kleift að ákvarða úthlutunina í samræmi við 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, skortir teljist stöðvar, sem flytja inn heitan málm til frekari vinnslu, ekki hæfar til að fá úthlutun án endurgjalds á grundvelli viðmiðunarinnar fyrir heitan málm fyrir það magn af heitum málm sem er flutt inn. Af þeim sökum andmælir framkvæmdastjórnin þeim árlega bráðabirgðafjölda losunarheimilda, sem fyrirhugað er að úthluta án endurgjalds, sem lögð er til fyrir þær stöðvar sem skráðar eru í B-lið I. viðauka við þessa ákvörðun.

- 14) Að því er varðar beitingu viðmiðunarinnar fyrir heitan málm í framkvæmdarráðstöfunum á landsvísu

sem Tékkland lagði til bendir framkvæmdastjórnin á að úthlutunin til stöðvarinnar, sem er skráð í C-lið með auðkennið CZ-existing-CZ-73-CZ-0134-11/M samsvarar ekki gildi viðmiðunarmarksins fyrir heitan málm, margfaldað með viðeigandi vörutengdu, sögulegu starfsemisstigi eins og það var lagt fram í framkvæmdarráðstöfununni á landsvísu og uppfyllir því ekki ákvæði a-liðar 2. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB. Af þeim sökum andmælir framkvæmdastjórnin úthlutuninni til þessarar stöðvar nema þessi villa sé leiðrétt. Enn fremur bendir framkvæmdastjórnin á að í úthlutuninni fyrir stöðina, sem er skráð í C-lið með auðkenninu CZ-existing-CZ-52-CZ-0102-05, er tekið tillit til vinnsluferla sem falla undir kerfismörkin fyrir viðmiðunina fyrir heitan málm. Hins vegar framleiðir stöðin ekki heitan málm heldur flytur hann inn. Þar eð engin framleiðsla á heitum málm með auðkennið CZ-existing-CZ-52-CZ-0102-05 fer fram í stöðinni og þar með skortir samsvarandi undirstöð með vöruviðmiðun sem mundi gera það kleift að ákvarða úthlutunina í samræmi við 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB er tillögð úthlutun ekki í samræmi við úthlutunareglurnar og getur leitt til tvítalningar. Af þeim sökum andmælir framkvæmdastjórnin úthlutuninni til stöðvanna sem skráðar eru í C-lið I. viðauka við þessa ákvörðun.

- 15) Framkvæmdastjórnin bendir á að stöðvarnar, sem um getur í D-lið I. viðauka við þessa ákvörðun, fái úthlutun á grundvelli undirstöðvar með vinnslulosun fyrir framleiðslu á sinki í háofni og tengda vinnsluferla. Að því er þetta varðar bendir framkvæmdastjórnin á að losun sem fellur undir undirstöð með vinnslulosun fellur þegar undir undirstöð með vöruviðmiðun fyrir heitan málm, en á grundvelli hennar fær ein af stöðvunum einnig úthlutun og er því tvítalin. Augljóst er að undirstöðin með vöruviðmiðun fyrir heitan málm nær til ílags, frálags og samsvarandi losunar í tengslum við framleiðslu á heitum málm í háofni og allra tengdra ferla, eins og fram kemur í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, þ.m.t. gjallmeðhöndlunar. Framkvæmdarráðstafanirnar á landsvísu, sem Þýskaland lagði til, brjóta því í bága við 8. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB og skuldbindinguna um að forðast að tvítelja losun þar eð tiltekin losun er talin tvisvar í úthlutuninni til þessara stöðva. Af þeim sökum andmælir framkvæmdastjórnin úthlutuninni til þessara stöðva á grundvelli undirstöðvar með vinnslulosun fyrir framleiðslu á sinki í háofni og tengda vinnsluferla.

- 16) Framkvæmdastjórnin bendir einnig á að skráin yfir stöðvar, sem sett er fram í framkvæmdarráðstöfun

Þýskaland á landsvísi, er ekki fullgerð og brýtur því í bága við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Í skránni eru ekki stöðvar sem framleiða fjölíður, einkum S-PVC og E-PVC og vínýlklóríðeinlíður (VCM), með þeim fjölda losunarheimilda sem ætlaðar eru til úthlutunar til hverrar þessarar stöðvar, sem eru staðsettar innan yfirráðasvæðis Þýskalands, sem sú tilskipun gildir um og sem um getur í lið 5.1 í leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um túlkun á I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem nefndin um loftslagsbreytingar áritaði 18. mars 2010. Í þessu tilliti er framkvæmdastjórnin meðvituð um þá skoðun sem Þýskaland setti fram um að framleiðsla á fjölíðum, einkum S-PVC og E-PVC og vínýlklóríðeinlíðum falli ekki undir gildissvið I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Framkvæmdastjórnin telur að fjölíður, þ.m.t. S-PVC og E-PVC og vínýlklóríðeinlíður uppfylli skilgreininguna á viðkomandi starfsemi (framleiðsla á lífrænum efnasamböndum í lausu) í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB. Til samræmis við það voru, í nánu samstarfi við aðildarríkin og viðkomandi iðnaðargeira, fastsettar tilsvarendi vöruiðmiðanir fyrir S-PVC og E-PVC og vínýlklóríðeinlíður, eins og sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB.

- 17) Framkvæmdastjórnin bendir á að sú staðreynd að þýska skráin yfir stöðvar er ófullgerð hafi óþarfa áhrif á úthlutun á grundvelli undirstöðva með varmaviðmiðun, sem skráðar eru í E-lið I. viðauka við þessa ákvörðun, sem flytja út varma til stöðva sem framleiða lífræn efnasambönd í lausu. Þó að einungis útflutningur á varma til stöðva eða annarra aðila sem falla ekki undir tilskipun 2003/87/EB skapi hæfi til úthlutunar án endurgjalds á grundvelli undirstöðva með varmaviðmiðun er í þýsku framkvæmdarráðstöfununum á landsvísi tekið tillit til varmaútflutnings til stöðva sem stunda starfsemi sem fellur innan gildissviðs I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB vegna úthlutunar til stöðva sem skráðar eru í E-lið I. viðauka við þessa ákvörðun. Af þessum sökum eru tillagðar úthlutanir til stöðvanna, sem skráðar eru í E-lið I. viðauka, ekki í samræmi við úthlutunareglurnar. Af þeim sökum andmælir framkvæmdastjórnin úthlutuninni til stöðvanna sem skráðar eru í E-lið I. viðauka við þessa ákvörðun.

- 18) Í samræmi við 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB birti framkvæmdastjórnin endanlegan heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu fyrir tímabilið frá 2013 til 2020 með ákvörðun 2010/634/ESB<sup>(4)</sup>. Að því er þetta varðar byggist fjöldinn, sem tekið er tillit til skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, á heildarmagni losunarheimilda sem aðildarríkin gefa út í samræmi við ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um landsúthlutunaráætlanir þeirra fyrir tímabilið frá 2008

til 2012. Eftir lok viðskiptatímabilsins frá 2008 til 2012 fékk framkvæmdastjórnin hins vegar aðgang að viðbótarupplýsingum og nákvæmari gögnum, einkum að því er varðar þann fjölda losunarheimilda sem gefnar voru út til nýrra aðila úr varasjóðum aðildarríkjanna fyrir nýja aðila og um notkun losunarheimilda sem aðildarríkin taka frá fyrir sameiginleg framkvæmdarverkefni sem komið var á fót skv. 3. gr. ákvörðunar 2006/780/EB<sup>(5)</sup>. Enn fremur skal, með tilliti til aðlögunar á heildarfjölda losunarheimilda í Sambandinu skv. 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, einkum 1. og 4. mgr. hennar, taka tillit til nýjustu vísindagagna með tilliti til hnatthlýnunarmáttar gróðurhúsalofttegunda, ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar C(2011) 3798 og C(2012) 497 um að samþykkja einhliða færslu fleiri gróðurhúsalofttegunda á skrá og aðgerða Ítalíu og Bretlands skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB sem og til útilokunar á stöðvum í Þýskalandi, á Spáni, í Frakklandi, á Ítalíu, í Hollandi, Slóveníu og á Bretlandi með litla losun úr viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir skv. 27. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

- 19) Auk þess skal endanlegur heildarfjöldi losunarheimilda í Sambandinu taka inngöngu Króatíu í Evrópusambandið til greina sem og útvíkkun viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir til EFTA-ríkjanna innan EES. Samkvæmt 8. lið III. viðauka við aðildarskilmála Lýðveldisins Króatíu og aðlögun að sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu er fjöldinn, sem tekið er tillit til skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB vegna inngöngu Króatíu, aukinn um þann fjölda losunarheimilda sem Króatía skal bjóða upp skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Upptaka tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB<sup>(6)</sup> og ákvörðunar 2011/278/ESB, eins og henni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/745/ESB<sup>(7)</sup>, í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012<sup>(8)</sup> þýðir aukningu á heildarfjölda losunarheimilda í öllu viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Því er nauðsynlegt að taka til greina viðeigandi tölur sem EFTA-ríkin innan EES lögðu fram í A-hluta viðbættisins við þá tilskipun í EES-samningnum.

<sup>(4)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/634/ESB frá 22. október 2010 um aðlögun fjölda losunarheimilda fyrir allt Sambandið sem gefa skal út samkvæmt áætlun Sambandsins fyrir 2013 og um niðurfellingu ákvörðunar 2010/384/ESB (Stjtið. ESB L 279, 23.10.2010, bls. 34.).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/780/EB frá 13. nóvember 2006 um að komast hjá því að tvíreikna skerðingu á losun gróðurhúsalofttegunda í kerfi Bandalagsins um viðskipti með heimildir til losunar, að því er varðar aðgerðir í tengslum við verkefni samkvæmt Kýótóbókuninni, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 316, 16.11.2006, bls. 12.).

<sup>(6)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og vikka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtið. ESB, L 140, 5.6.2009, bls. 63.).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/745/ESB frá 11. nóvember 2011 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (Stjtið. ESB, L 299, 17.11.2011, bls. 9.).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2009 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (Stjtið. ESB, L 309, 8.11.2012, bls. 38.).



- 20) Því ber að breyta ákvörðun 2010/634/ESB til samræmis við það.
- 21) Árið 2014 og á hverju ári eftir það minnkar heildarfjöldi losunarheimilda, sem var ákvarðaður fyrir árið 2013 á grundvelli 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, samkvæmt línulegum stuðli sem nemur 1,74% frá árinu 2010 sem samsvarar 38 264 246 losunarheimildum.
- 22) Ákvæði 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB takmarka árlegan hámarksfjölda losunarheimilda sem er grundvöllurinn til útreiknings á úthlutunum án endurgjalds til stöðva sem ekki falla undir 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Þessi takmörkun er samsett úr tveimur þáttum, sem um getur í a- og b-lið 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, en framkvæmdastjórnin ákvarðaði hvorn fyrir sig á grundvelli þess fjölda sem var ákvarðaður skv. 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, gagna í skrá Sambandsins sem eru aðgengileg öllum og upplýsinga sem aðildarríkin lögðu fram, einkum að því er varðar hlutdeild í losun frá raforkuframleiðendum og öðrum stöðvum sem ekki teljast hæfar til að fá úthlutun án endurgjalds, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem og sannprófaðrar losunar á tímabilinu frá 2005 til 2007 frá stöðvum sem eru einungis inni í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir frá og með árinu 2013, ef unnt er, að teknu tilliti til hnathlýnunarmáttar gróðurhúsalofttegunda.
- 23) Ekki má fara yfir mörkin, sem sett voru með 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, og þetta er tryggt með beitingu árlegs leiðréttingarstuðuls sem liggur þvert á atvinnugreinar sem, efnauðsyn krefur, er beitt til að minnka á samræmdan hátt þann fjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til allra stöðva sem teljast hæfar til úthlutunar án endurgjalds. Aðildarríkin verða að taka tillit til þessa þáttar þegar þau ákveða endanlegan árlegan fjölda úthlutana til stöðva, á grundvelli bráðabirgðafjölda losunarheimilda og þessarar ákvörðunar. Með ákvæði 15. gr. (3. mgr.) ákvörðunar 2011/278/ESB er gerð sú krafa að framkvæmdastjórnin ákvarði leiðréttingarstuðulinn sem liggur þvert á atvinnugreinar, sem er gert með því að bera saman summu árlegs bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds, sem aðildarríkin leggja fram, við mörkin sem sett eru með 10. gr. a (5. mgr.) með þeirri aðferð sem lýst er í 15. gr. (3. mgr.) ákvörðunar 2011/278/ESB.
- 24) Í kjölfar upptöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 skal mörkunum, sem sett voru með 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, samræmdu úthlutunarreglunum og leiðréttingarstuðlinum sem liggur þvert á atvinnugreinar beitt í EFTA-löndunum innan EES. Því er nauðsynlegt að taka tillit til árlegs bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem skal úthluta án endurgjalds á tímabilinu frá 2013 til 2020 sem var ákveðinn með ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA frá 10. júlí 2013 varðandi framkvæmdarráðstafanir Íslands, Liechtenstein og Noregs á landsvísu.
- 25) Mörkin, sem sett voru með 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, eru 809 315 756 losunarheimildir fyrir árið 2013. Til að fastsetja þessi mörk safnaði framkvæmdastjórnin í fyrstu upplýsingum frá aðildarríkjunum og EFTA-löndunum innan EES um það hvort stöðvar teldust raforkuframleiðendur eða aðrar stöðvar sem falla undir ákvæði 3. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Síðan ákvarðaði framkvæmdastjórnin hlutdeildina í losun á tímabilinu frá 2005 til 2007 frá þeim stöðvum sem ekki falla undir það ákvæði en voru inni í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á tímabilinu frá 2008 til 2012. Framkvæmdastjórnin reiknaði því næst út 34,78289436% hlutdeild í fjöldanum sem var ákvarðaður á grundvelli 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB (1 976 784 044 losunarheimildir). Framkvæmdastjórnin bætti síðan 121 733 050 losunarheimildum við niðurstöðuna úr þessum útreikningi, byggt á meðaltali árlegrar sannprófaðrar losunar frá viðeigandi stöðvum á tímabilinu frá 2005 til 2007, að teknu tilliti til endurskoðaðs gildissviðs viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir frá og með árinu 2013. Að því er þetta varðar notaði framkvæmdastjórnin upplýsingar frá aðildarríkjunum og EFTA-löndunum innan EES til að aðlaga efri mörkin. Þegar ekki voru til upplýsingar um sannprófaða losun á tímabilinu 2005–2007 framreiknaði framkvæmdastjórnin viðeigandi losunartölur, eins og mögulegt var, út frá sannprófaðri losun á seinni árum með því að beita stuðlinum 1,74% aftur á bak. Framkvæmdastjórnin hafði samráð við og fékk staðfestingu frá yfirvöldum aðildarríkjanna um upplýsingar og gögn sem voru notuð í þessum tilgangi. Mörkin, sem sett voru með 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, borin saman við summu árlegs bráðabirgðafjölda losunarheimilda án endurgjalds án þess að beita stuðlunum sem um getur í VI. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, skila árlegum leiðréttingarstuðli sem liggur þvert á atvinnugreinar, eins og sett er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.
- 26) Þar eð þessi ákvörðun gefur betra yfirlit yfir þann fjölda losunarheimilda sem verður úthlutað án endurgjalds auðveldar það framkvæmdastjórninni að meta þann fjölda losunarheimilda sem skal bjóða upp í samræmi við 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Að teknu tilliti til markanna sem sett eru með 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, úthlutunarinnar að því er varðar varmaframleiðslu skv. 4. mgr. 10. gr. a, sem sett er fram í töflunni hér á eftir, og stærðar varasjóðsins fyrir nýja aðila er það mat framkvæmdastjórnarinnar að fjöldi losunarheimilda sem bjóða skal upp á tímabilinu frá 2013 til 2020 sé 8 176 193 157.

- 27) Í eftirfarandi töflu er sett fram árleg úthlutun að því er varðar varmaframleiðslu skv. 4. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB:

Ár	Úthlutun án endurgjalds skv. 4. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB
2013	104326872
2014	93819860
2015	84216053
2016	75513746
2017	67735206
2018	60673411
2019	54076655
2020	47798754

- 28) Aðildarríkin skulu, á grundvelli framkvæmdarráðstafananna á landsvísi, leiðréttingarstuðulsins sem liggur þvert á atvinnugreinar og línulega stuðulsins ákvarða endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds fyrir hvert ár á tímabilinu frá 2013 til 2020. Aðildarríkin skulu ákvarða endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds í samræmi við þessa ákvörðun, tilskipun 2003/87/EB, ákvörðun 2011/278/ESB og önnur viðeigandi ákvæði í lögum Sambandsins. Eins skulu EFTA-ríkin innan EES ákvarða endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda sem úthluta skal án endurgjalds fyrir hvert ár frá 2013 til 2020, í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/EB, fyrir stöðvar á yfirráðasvæði þeirra á grundvelli framkvæmdarráðstafanna þeirra á landsvísi, leiðréttingarstuðulsins sem liggur þvert á atvinnugreinar og línulega stuðulsins.

- 29) Framkvæmdastjórnin telur að úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til stöðva sem falla undir gildissvið viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir á grundvelli samræmdra reglna innan Sambandsins veiti fyrirtækjum ekki valvísan efnahagslegan ávinning sem gæti raskað samkeppni og haft áhrif á viðskipti innan Sambandsins. Aðildarríki eru skuldbundin samkvæmt lögum Sambandsins til að úthluta losunarheimildum án endurgjalds og geta ekki valið að bjóða viðkomandi fjölda heimilda upp í staðinn. Af þeim sökum er ekki hægt að líta á ákvarðanir aðildarríkjanna, að því er varðar úthlutun losunarheimilda án endurgjalds, sem ríkisaðstoð í skilningi 107. og 108. greinar sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

#### SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

##### 1. KAFLI

#### FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR Á LANDSVÍSI

##### 1. gr.

1. Innfærslu þeirra stöðva sem eru skráðar í I. viðauka við þessa ákvörðun í skrárnar yfir stöðvar sem falla undir tilskipun

2003/87/EB og voru lagðar fyrir framkvæmdastjórnina skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og samsvarandi árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda, sem skal úthluta til þessara stöðva án endurgjalds, er hafnað.

2. Engum andmælum eru hreyft gegn því að aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er lagður fram fyrir stöðvar á yfirráðasvæði þeirra sem eru í skránum sem um getur í 1. mgr. og skráðar í A-lið I. viðauka við þessa ákvörðun, áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi er ákvarðaður fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, að því marki sem breytingin felst í því að útiloka alla aukningu á úthlutunum sem ekki er kveðið á um í þeirri ákvörðun.

Engum andmælum eru hreyft gegn því að aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á yfirráðasvæði þeirra sem eru í skránum sem um getur í 1. mgr. og skráðar eru í B-lið I. viðauka við þessa ákvörðun, áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi er ákvarðaður fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, að því marki sem breytingin felst í því að útiloka allar úthlutanir á grundvelli viðmiðunarinnar fyrir heitan málm til stöðva sem flytja inn heitan málm, eins og er skilgreint í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, til frekari vinnslu. Ef þetta leiðir til aukningar á árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda hjá stöð sem framleiðir og flytur út heita málma til stöðvar sem er skráð í B-lið I. viðauka við þessa ákvörðun er engum andmælum hreyft gegn því að hlutaeigandi aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda umræddrar stöðvar, sem framleiðir og flytur út heita málma, til samræmis við það.

Engum andmælum eru hreyft gegn því að aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á yfirráðasvæði þeirra sem eru í skránum sem um getur í 1. mgr. og skráðar eru í C-lið I. viðauka við þessa ákvörðun áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi er ákvarðaður fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, að því marki sem breytingin felst í því að færa úthlutunina til samræmis við a-lið 2. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB og útiloka allar úthlutanir fyrir vinnsluferla sem falla undir kerfismörkin fyrir vöruviðmiðunina fyrir heitan málm, eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB, til stöðvar sem framleiðir ekki heitan málm en flytur hann inn, sem annars mundi leiða til tvítalningar.

Engum andmælum eru hreyft gegn því að aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á yfirráðasvæði þeirra sem eru í skránum sem um getur í 1. mgr. og skráðar eru í D-lið I. viðauka við þessa ákvörðun áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi er ákvarðaður fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, að því marki sem breytingin felst í því að útiloka allar úthlutanir

á grundvelli undirstöðvar með vinnslulosun fyrir framleiðslu á sinki í háofni og tengda vinnsluferla. Þegar þetta leiðir til aukningar á bráðabirgðaúthlutun fyrir undirstöð með eldsneytis- eða varmaviðmiðun innan stöðvar með háofn, sem er skráð í D-lið I. viðauka við þessa ákvörðun, er engum andmælum hreyft gegn því að hlutaðeigandi aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda umræddrar stöðvar til samræmis við það.

Engum andmælum eru hreyft gegn því að aðildarríki breyti árlegum bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað án endurgjalds til stöðva á yfirráðasvæði þeirra sem eru í skránum sem um getur í 1. mgr. og skráðar eru í E-lið I. viðauka við þessa ákvörðun áður en endanlegur árlegur heildarfjöldi er ákvarðaður fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB, að því marki sem breytingin felst í því að útiloka allar úthlutanir vegna varma sem er fluttur út til stöðva sem framleiða fjölliður, s.s. S-PVC og E-PVC og vínýlklóríðeinliður.

3. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um allar breytingar sem um getur í 2. mgr. eins fljótt og auðið er og aðildarríki er ekki heimilt að ákvarða endanlegan árlegan fjölda losunarheimilda fyrir hvert ár frá 2013 til 2020 í samræmi við 9. mgr. 10. gr. ákvörðunar 2011/278/ESB fyrir en búið er að gera viðunandi breytingar.

2. gr:

Með fyrirvara um 1. gr. er engum andmælum hreyft að því er varðar skránar yfir stöðvar sem falla undir tilskipun 2003/87/EB, sem aðildarríkin lögðu fram skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB, og samsvarandi árlegan bráðabirgðaheildarfjölda losunarheimilda sem er úthlutað til þessara stöðva án endurgjalds.

## II. KAFLI

### HEILDARFJÖLDI LOSUNARHEIMILDA

3. gr:

Í stað 1. gr. ákvörðunar 2010/634/ESB komi eftirfarandi:

„1. gr:

Á grundvelli 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er heildarfjöldi losunarheimilda, sem skal gefinn út frá og með árinu 2013 og minnka línulega hvert ár skv. 9. gr. tilskipunar 2003/87/EB, 2 084 301 856 losunarheimildir.“

## III. KAFLI

### LEIÐRÉTTINGARSTUÐULL SEM LIGGUR ÞVERT Á ATVINNUGREINAR

4. gr:

Samræmdi leiðréttingarstuðullinn sem liggur þvert á atvinnugreinum, sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og er ákvarðaður í samræmi við 3. mgr. 15. gr. í ákvörðun 2011/278/ESB, er settur fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

5. gr:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. september 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Connie HEDEGAARD

*framkvæmdastjóri*

## I. VIÐAUKI

## A-LIÐUR

**Kennimerki stöðvar eins og það er lagt fram í framkvæmdarráðstöfununum á landsvísu**

DE000000000000010

DE0000000000000563

DE0000000000000978

DE000000000001320

DE000000000001425

DE-new-14220-0045

DE-new-14310-1474

## B-LIÐUR

**Kennimerki stöðvar eins og það er lagt fram í framkvæmdarráðstöfununum á landsvísu**

DE000000000000044

DE000000000000053

DE000000000000056

DE000000000000059

DE000000000000069

## C-LIÐUR

**Kennimerki stöðvar eins og það er lagt fram í framkvæmdarráðstöfununum á landsvísu**

CZ-existing-CZ-73-CZ-0134-11/M

CZ-existing-CZ-52-CZ-0102-05

## D-LIÐUR

**Kennimerki stöðvar eins og það er lagt fram í framkvæmdarráðstöfununum á landsvísu**

DE-new-14220-0045

DE000000000001320

## E-LIÐUR

**Kennimerki stöðvar eins og það er lagt fram í framkvæmdarráðstöfununum á landsvísu**

DE000000000000005

DE0000000000000762



---

DE000000000001050

---

DE000000000001537

---

DE000000000002198

---

*II. VIÐAUKI*

Ár	Leiðréttingarstuðull sem liggur þvert á atvinnugreinar
2013	94,272151%
2014	92,634731%
2015	90,978052%
2016	89,304105%
2017	87,612124%
2018	85,903685%
2019	84,173950%
2020	82,438204%